

Festingar

Útveggur á undirstöðu:

Veggstöðir eru festar við fótreim með BMF vinklum nr: 105 með styrkingu. Í hvern væng vinkilsins koma 6 stk BMF kamsaumur 4x4. Fótreimarnar eru boltaðar við sökkjana. Sjá burðarvirkisteikningar. Mestu lóðréttu kraftar á afstífandi vegg fyrir koma við veggenda/ vegghorn. Við vegghorn er fótreim fest í sökkul með 4 stk M16 x160 múrboltum. Sjá tengingu D3 í burðarvirkisteikningum.

Togkraftur í vegghornum vegna láréttis vindálags max 45.5kN. OK!!

BMF vinklarnir og skinnurnar (4x40x40) hindra þrýstibrot þvert á trefjar fótreiminnar.

Allar stoðir eru festar við fótreimar með tveim BMF vinklum (með styrkingum/ribbum). Notaður er 5 stk BMF 4x4 kamsaumur í hvern vinkilvæng. Þannig að það eru 10stk saumur sem taka við kraftinum. Hver kamsaumur tekur 1kN í skervirkni (og togvirkni). Annar vinkillinn er svo boltaður í sökkul með M10 múrbolta. Múrboltinn tekur 11kN í togi skv framleiðanda (Hilti). Sjá tengingu D2 í burðarvirkisteikningum. Tengingin er í lagi.

Innveggur á undirstöðu:

Uppsogskraftur per 1.2m á innveggi er 1.62kN Botnreim innveggisins er fest við sökkla með M10 múrboltum c/c 600 (sjá tengingu D2 á burðarvirkisteikningum). Þetta þýðir að að 2stk M12 múrboltar taka upp þessi 1.62kN. Hver M12 múrbolti tekur um 11kN í togi skv framleiðanda (Hilti). Tengingin er í lagi!

Þaksperra á útvegg:

Uppsogskraftur á þaksperrur er um 7.2kN, heildarlengd sperrana (með hallanum er 11.5m, 0.6m á milli sperrana. vindálag án öryggis er ca 1.4kN/m2 (tekið er tillit til innri og ytri þrýstings). Uppsogskraftur á tengingu=1.5 x 1.4kN/m2 x 11.5m x 0.6m / 2 =7.2kN, ath hér er ekki tekið tillit til eiginþyngdar, erum því öruggu megin.

Allir sperruendar eru festir við útveggjaeiningar með tveim BMF vinklum (með styrkingum/ribbum). Notaður er 5 stk BMF 4x4 kamsaumur í hvern vinkilvæng. Þannig að það eru 10stk saumur sem taka við kraftinum. Hver saumur tekur 1kN í skerálag þannig að tengingin tekur um 10kN. Tengingin er í lagi.

Mesti uppsogskraftur frá þaksperru niður í útvegg er í sperru T4 (er á svæði M, sjá grein 3.3.3). Álagssvæði sperrunnar er um 11.5m x1.8m. Vindálag án öryggis er um 1.8kN/m2. (tekið er tillit til innri og ytri þrýstings). Sá kraftur er 9.7 kN. Uppsogskraftur á tengingu=(1.5 x 1.8kN/m2 - 0.6kN/m2) x 11.5m x 0.8m / 2 =9.7kN, hér er tekið tillit til eiginþyngdar. Allir sperru endar eru festir við útveggjaeiningar með tveim BMF vinklum (með styrkingum/ribbum). Notaður er 5 stk BMF 4x4 kamsaumur í hvern vinkilvæng. Þannig að það eru 10stk saumur sem taka við kraftinum. Hver saumur tekur 1kN í skerálag þannig að tengingin tekur um 10kN. Tengingin er í lagi

Þaksperra á innvegg:

Sperran er fest með BMF vinklum nr:105 c/c1200, 6stk k40/40 neglast í hvorn væng. Uppsogskraftur á hvern vinkil er 1.62kN

Uppsogskraftur = 1.5 x 1.4kN/m2 x 1.2m x 0.6m = 1.62kN. Notaður er 5 stk BMF 4x4 kamsaumur í hvern vinkilvæng. Þannig að það eru 5stk saumur sem taka við kraftinum. Hver saumur tekur 1kN í skerálag þannig að tengingin tekur um 5.0kN. Tengingin er í lagi.

D1

Á stoðir við hurðir kemur BMF vinkill nr. 105 með styrkingu bæði við fótreim og yfirreim. 6 X 6 stk. BMF kamsaumur eða skrúfur koma í stoð og yfirreim. í fótreim kemur múrbolti 12 x 160mm.

Á stoðir undir gluggum kemur einn BMF vinkill nr. 105 með styrkingu bæði við fótreim og yfirreim, 6 X 6 stk. BMF kamsaumur eða skrúfur koma í stoð og yfirreim, í fótreim kemur múrbolti 12x 160mm, millibil 1200mm, annars kamsaumur eða skrúfur.

D2

Á stoðir við og á milli glugga og hurða koma 2 stk. BMF vinklar nr. 105 með styrkingu koma bæði við fótreim og yfirreim. Í hvern vinkil koma 6 X 6 stk. BMF kamsaumur eða skrúfur í stoð og yfirreim, í fótreim kemur múrbolti 12 x 160mm í annan vinkilinn en 6 stk. BMF kamsaumur eða skrúfur í hinn. Þar sem sperrur festast með vinklum koma boltar 8 x 70mm borðaboltar á milli vinkla í yfirreim.

2 stoðir sem liggja saman við og á milli glugga og hurða: 2 x BMF vinklar nr. 105 með styrkingu koma bæði við fótreim og yfirreim. Í hvern vinkil koma 6 X 6stk. BMF kamsaumur eða skrúfur í stoð og yfirreim, í fótreim kemur múrbolti 12 x 160mm í annan vinkilinn en 6 stk. BMF kamsaumur eða skrúfur í hinn. Þar sem sperrur festast með vinklum koma 8 x 70mm borðaboltar á milli vinkla á yfirreim.

Samskeyti á grindum, 2 stoðir sem liggja saman: 2 x BMF vinklar nr. 105 með styrkingu koma bæði við fótreim og yfirreim. Á milli vinkla koma borðaboltar 8 x 70mm, í fótreim koma múrboltar 12 x 160mm, í yfirreim 6 stk. BMF kamsaumur eða skrúfur.


D3

Samsetning á horni: BMF vinkill nr. 105 með styrkingu kemur bæði við fótreim og yfirreim. 6 stk. BMF skrúfur eða kamsaumur koma í stoð fótreim og yfirreim. í fótreim kemur múrbolti 12 x 160mm. Þar sem sperrur festast með vinklum koma boltar 8 x 70mm borðaboltar á milli vinkla í yfirreim. Horn festist saman með skrúfum 5 x 90mm með ca. 550mm millibil.

Ath.

Þar sem boltar eru teiknaðir, í gegnum stoðir, fót- og yfirreimar. eða sperrur má nota, BMF kamsaum eða skrúfur 4 x 4 6 stk. í hvern væng á BMF vinkli.


Þar sem tré liggur að steypu kemur alltaf asfaltþappi á milli. Fúaverja skal tré þar sem hætta er á að fúí geti myndast. Ekki má loka grindum þannig að vatn geti safnast þar fyrir, bora skal gót þannig að vatn komist út.



Deili D1, D2, D3 Mál: 1 / 10

Frágangur á vinklum og festingum við undirstöðu og þak, þar se vinklar koma eins og á botnreim. (sjá Lóðrétt snið og skýringar)

Festingar við botn- og toppreim, lárétt mynd.



Úrveggjagrind á undirstöðu

Depli	Breytingar	Nr.	Noti
Kristinn L. Aðalbjörnsson, byggingafræðingur Kt: 171152-3649 Síðumúli 1, 108 Reykjavík Sími: 5571131 Gæmi: 5568828 kristinn@adabjornsson.is www.adabjornsson.is			
meter Verkfræðistofa ehf Síðumúli 1, 108 Reykjavík Sími: 5578822 Gæmi: 5540259 meter@meter.is www.meter.is			
Skípasund 26, Grímsnes og Grafingshreppi			
Skýringar, útveggjagrind á undirstöðu, deili 1-3			
TÖLUSKRA	HANNA	TEKNA	YRFA
	FO/FSK/KLA	FSK	FO
SAMYKTI	TEKNI	SKY	BLA
	NR.	NR.	NR.
	B-201	1:50	x
FRÁ	DAGL.	20.05.07	NR.
FRÁ	20050210		